# Minnisblað

Til: Velferðarsvið Ísafjarðarbæjar
Frá: Hafdís Gunnarsdóttir, forstöðumaður
Dags. 16. janúar 2018
*Mnr. 2017110068*

ÍSAFJARÐARBÆR

---

Lögð eru fram drög að reglum um ferliþjónustu í Ísafjarðarbæ. Núgildandi reglur Ísafjarðarbæjar um ferliþjónustu eru komnar til ára sinna og þörfnuðust endurskoðunar.

Við endurskoðun reglnanna var horft til annarra sveitarfélaga en einnig byggt á reynslu síðustu ára um afgreiðslu á umsóknum um ferliþjónustu.

Helstu breytingar:

1. Skýrari skilgreiningar á hugtökum.
2. Sett inn ákvæði um að umsækjandi eigi ekki rétt á ferliþjónustu hafi hann fengið styrk til bifreiðakaupa hjá Tryggingastofnun ríkisins, sbr. leiðbeinandi reglur um ferðaþjónustu fatlaðra gefnar út af Velferðarráðuneytinu.
3. Sett hefur verið inn sérstök grein um akstursþjónustu fyrir fötluð börn.
4. Þjónustutímanum er breytt frá kl.7:00-19:00 í 7:30-18:00.
5. Bifreiðastjórum er nú heimilt að synja akstri í einstaka tilvikum séu fyrir því ríkar ástæður vegna ástands farþega.
6. Leiðir til áfrýjunar eru tilgreindar og skýrar.

Virðingarfyllst

Hafdís Gunnarsdóttir